

Matsgerð

vegna máls nr. M-119/2016:

Lífeyrissjóður bankamanna

gegn

Landsbankanum hf.,

Seðlabanka Íslands,

Valitor hf.,

Reiknistofu bankanna hf.,

Íslenska ríkinu,

Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

og Landsvaka ehf.

23.október 2017

Matsmaður:

Þórir Óskarsson cand.act.

Tryggingastærðfræðingur

Beiðni um mat

Á fundi með fulltrúa matsbeiðanda 17.mars 2017 var undirrituðum tilkynnt um dómkvaðningu sína sem matsmaður í máli M-119/2016, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Á sama fundi voru honum afhent matsbeiðnin auk fylgiskjala 1-12.

Varðandi málsatvik er bent á matsbeiðni þá er lögð var fram við Héraðsdóm Reykjavíkur þann 10.mars 2017 sem dómskjal nr. 1.

Það sem meta skal

Samkvæmt matsbeiðni:

- 1) Hver hefði verið heildargreiðsla ábyrgðaraðila Eftirlaunasjóðs Starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans (nú Lífeyrissjóðs bankamanna) vegna samkomulags frá árinu 1997 um uppgjör ábyrgðar þeirra á skuldbindingum lífeyrissjóðsins miðað við þágildandi reglugerð lífeyrissjóðsins, ef uppgjórið hefði miðast við upplýsingar raunþróun neðangreindra tryggingafræðilegra forsenda til 31.desember 2015 á verðlagi þann 31.desember 1997?
 - a. Ávöxtun
 - b. Almennar launahækkanir
 - c. Aldursbundnar launahækkanir á starfstíma
 - d. Aldur við töku eftirlauna
 - e. Notkun svokallaðrar 95 ára reglu
 - f. Dánarlíkur
 - g. Örorkulíkur
 - h. Giftingarlíkur
- 2) Hver væri fjárhæð niðurstöðu spurningar 1 á verðlagi miðað við 31.desember 2015 bæði miðað við breytingu verðlags og breytingu kaupgjalds?
- 3) Hver væri fjárhæð heildargreiðslu, sem innt var af hendi við uppgjör ábyrgðaraðila á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs Starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans (nú Lífeyrissjóðs bankamanna) vegna áðurnefnds samkomulags frá árinu 1997, reiknuð til verðlags þann 31.desember 2015, bæði miðað við breytingu verðlags og kaupsgjalds?

- 4) Hver er fjárhæð þeirra greiðslna sem greiddar hafa verið til Lífeyrissjóðs bankamanna vegna launabreytinga á grundvelli samkomulags lífeyrissjóðsins við aðildarfyrirtæki frá árinu 2006 reiknuð til verðlags þann 31.desember 2015, bæði miðað við breytingu verðlags og kaupgjalds?
- 5) Hvert hefði reiknast nauðsynlegt heildariðgjald til að mæta framtíðarskuldbindingum Lífeyrissjóðs bankamanna miðað við réttindaákvæði II. kafla reglugerðar þeirrar sem tók gildi 1.janúar miðað við niðurstöðu um raunþróun tryggingfræðilegra forsendu samkvæmt spurning 1?
- 6) Hver er mismunur á verðmæti heildariðgjalds reiknað samkvæmt niðurstöðu við spurning 5 og verðmætis 18,4% heildariðgjalds, sem var ákveðið í II. kafla reglugerðar sem tók gildi 1.janúar 1998, reiknuð á verðlagi 31.desember 2015 miðað við breytingu bæði verðlags og kaupsgjalds?

Matsfundir

Matsfundur með aðilum málsins var haldin 27.júní 2017. Fundarboð var send út með tölvupósti 15.júní sama ár og komu fulltrúar allra málsaðila á fundinn. Fundargerð matsfundar fylgir sem viðauki við matsgerð þessa.

Gögn

Auk þeirra gagna sem fylgdu matsbeiðni óskaði undirritaður eftir þeim gögnum sem notuð voru við mat á skuldbindingum sjóðsins í árslok 1997 ásamt því að fá leyfi til að vera í beinu sambandi við Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðings við öflum þeirra gagna sem nauðsynleg voru.

Fyrir starfandi sjóðfélaga í lok desember 1997 fengust upplýsingar um kennitölu, kyn, árslaun, áunnin elli-, örorku og makaréttindi, starfshlutfall og greidd mánaðalaun.

Fyrir sjóðfélaga (hættir) sem ekki greiddu lengur til sjóðsins fengust upplýsingar um kennitölu, kyn, áunnin réttindi, áunnin réttindi síðasta árs, hvaða ár greiðslur hættu og síðustu árslaun.

Fyrir lífeyrisþega fengust upplýsingar um kennitölu, kyn, réttindi og lífeyrisgreiðslur á mánuði.

Auk þess fengust upplýsingar um aldursbundnar launahækkunar og raunávöxtun hlutfallsdeildar árin 1997-2016.

Vegna 95 ára reglunnar fengust upplýsingar um þá aðila sem möguleika áttu að nýta sér hana og voru notaðir við mat á áhrifum reglunnar í lok árs 1997.

Réttindaákvæði

Varðandi réttindaákvæði er vísað til reglugerðar um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans frá 11. apríl 1988 (rgl.1) sem síðar varð Lífeyrissjóður bankamanna (fylgiskjal 1 í matsbeiðni) og reglugerðar Lífeyrissjóðs bankamanna frá 1. janúar 1998 (rgl.2).

Reikniforsendur og aðferðir við mat skuldbindinga

Notast er við sömu aðferðafræði og unnið er eftir við tryggingafræðilegt mat á lífeyrissjóðum almennt í landinu.

a) Ávöxtun og almennar launahækkunar

Ávöxtun hlutfallsdeildar frá 1997 til ársins 2015 hefur að jafnaði verið rúmlega 3.5%. Því telst ekki ástæða til að eiga við þessa forsendu í þessu mati og því gert ráð fyrir að vextir séu 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Auk þess er gert ráð fyrir að laun hækki almennt um 0.5% umfram vísitölu neysluverðs. Þetta eru óbreyttar forsendur frá tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar frá árinu 1998.

b) Almennar launahækkunar

Sjá a)

c) Aldursbundnar launahækkunar á starfstíma

Notast er við sama launaferil og í uppgjöri í lok árs 1997 og notast hefur verið við í uppgjöri sjóðsins æ síðan.

d) Aldur við töku eftirlauna

Eftirlaunaaldur er 67 ár fyrir alla virka sjóðsfélaga. Fyrir aðra er eftirlaunaaldur 65 ár.

e) Notkun svokallaðrar 95 ára reglu

Gert er ráð fyrir að allir þeir virku sjóðfélagar sem kost áttu á að nýta sér 95 ára regluna gerðu það. Reiknuð er hækkun heildarskuldbindinga og lækkun iðgjalda sem þessi aðgerð hefði í för með sér í stað þess að sjóðfélagi hætti 67 ára. Þessari skuldbindingu er ekki skipt niður sérstaklega heldur er hún talin með í heildarskuldbindingu sjóðsins.

Samkvæmt samkomulagi um uppgjör aðildarstofnana var gert ráð fyrir að greitt yrði til sjóðsins fjórðungur þess sem þetta myndi kosta sjóðinn. Var þetta nýtingarhlutfall, þ.e. 25%, notað í tryggingafræðilega athugun sjóðsins allt fram til 2014. Komið hefur í ljós að nýting reglunnar hefur verið töluvert umfram það og nálægt því að vera 50%. Þetta nýtingarhlutfall var notað í athugun fyrir árið 2015, auk þess sem athugun fyrir 2014 var endurreiknuð miðað við þetta hlutfall. Í þessari matsgerð verður notast við nýtingarhlutfall 50% í stað 25% áður.

f) Dánarlíkur

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) gefur út nýjar dánar- og eftirlifendatölur að jafnaði á 3 ára fresti. Nýjustu tölurnar voru gefnar út í lok árs 2016 og byggja á reynslu árána 2010-2014 og má nálgast á heimasíðu félagsins. Eru þessar tölur notaðir við þetta mat. Í fyrri úttekt voru notaðar dánar- og eftirlifendatölur byggðar á reynslu árána 1986-1990.

g) Örorkulíkur

Notast er við örorkulíkur útgefnar af FÍT, byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða á árunum 1998-2002 og gefnar út árið 2006 þó með þeirri leiðréttingu að örorkutíðnin er lækkuð um 40%. Byggir sú forsenda á því að í sambærilegum sjóðum er notast við þessa lækkun og er örorkutíðni almennt lág í þeim sjóðum. Í fyrri úttekt var notast við reiknigrundvöll danskra líftryggingafélaga, G-82, með 40% lækkun örorkutíðni.


h) Giftingarlíkur

Giftingarlíkur eða sambúðarlíkur sem notaðar eru í matsgerð þessari eru byggðar á reynslu 1998-2002 gefnar út af FÍT. Þessar líkur eru notaðir að jafnaði í

tryggingafræðilegri úttekt íslenskra lífeyrissjóða. Í fyrri úttekt var notast við reynslu í sjóðnum og upplýsingar úr þjóðskrá.

Verðlagsbreytingar eru skilgreindar sem vísitala neysluverðs til verðtryggingar og má nálgast vísitöluna hjá Hagstofu Íslands. Einnig má nálgast þar launavísitölu skipt niður á atvinnurekstur frá árinu 2005. Kaupgjald er skilgreint sem launavísitala fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga tímabilsins 2005-2015. Fyrir þann tíma er notuð launavísitala skv. lögum nr. 89/1989 sem eins og með fyrrgreindar vísitölur má nálgast hjá Hagstofu Íslands. Myndritið hér að neðan sýnir þróun þessara vísitalna frá árinu 1997-2015, annars vegar þróun verðlags (vísitölu neysluverðs) og hins vegar þróun kaupgjalds. Þessar vísitölur eru notaðar í þessu mati til að uppreikna fjárhæðir til loka árs 2015 eins og óskað er eftir í nokkrum af þeim atriðum sem matsbeiðnin kallar eftir.

Þróun verðlags og kaupgjalds 1997-2015



Niðurstöður

Ekki er lagt mat á endurgreiðslur iðgjalda eða dánarbætur.

1)

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Áfallnar skuldbindingar	Starfandi	Lífeyrisþegar	Hættir	Samtals
Ellilífeyrir	6.897,3	2.263,7	1.035,1	10.196,1
Örorkulífeyrir	481,0	79,4	76,8	637,2
Makalífeyrir	1.320,1	532,0	246,0	2.098,1
Barnalífeyrir	15,9	4,3	2,0	22,2
Samtals	8.714,3	2.879,4	1.359,9	12.953,6
Dánarbætur				99,5
Endurgreiðslur iðgjalda				252,5
Áfallnar skuldbindingar				13.305,6
Eignir sjóðsins skv. ársreikningi				7079,6
Heildargreiðsla				6.226,0

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna

Heildarskuldbindingar	Starfandi	Lífeyrisþegar	Hættir	Samtals
Ellilífeyrir	13.322,2	2.263,7	1.035,1	16.621,0
Örorkulífeyrir	688,1	79,4	76,8	844,3
Makalífeyrir	2.159,0	532,0	246,0	2.937,0
Barnalífeyrir	48,0	4,3	2,0	54,3
Samtals	16.217,3	2.879,4	1.359,9	20.456,6
Dánarbætur				99,5
Endurgreiðslur iðgjalda				252,5
Heildar skuldbindingar				20.808,6
Verðmæti iðgjalda				4.444,3
Heildarskuldbindingar				16.364,3
Vegna 95 ára reglu	1323,8			1323,8

Af þessu má ráða að heildargreiðsla ábyrgðaraðila Eftirlaunasjóðs Starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans (nú Lífeyrissjóðs bankamanna) vegna samkomulags frá árinu 1997 hefði orðið **6.226,0 milljónir**. Til viðbótar, vegna notkunar 95 ára reglunnar, hefði heildargreiðslan orðið **7.549,8 milljónir**.

2) Samkvæmt lið 1) hefði heildargreiðslan orðið 7.549,8 milljónir á verðlagi í lok árs 1997.

Taflan sýnir heildargreiðsluna á verðlagi 1997 og 2015.

Allar fjárhæðir eru í
milljónum króna

	Á verðlagi í lok árs 1997	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á kaupgjaldi	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á verðlagi
Heildargreiðsla skv. lið 1)	7.549,8	27.644,1	17.929,7

3) Fjárhæð endanlegs uppgjörs ábyrgðar hvers ábyrgðaaðila á áföllnum skuldbindingum

lífeyrissjóðsins miðað við árslok 1997 var 6.102.885 þúsundir króna, skv. fylgiskjali 7, eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Þessi fjárhæð er svo uppreiknuð miðað við þær vísitölur sem skilgreindar eru í forsendukafla þessarar matsgerðar.

	Fjárhæð til greiðslu í lok árs 1997, fjárhæðir í þúsundum	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á kaupgjaldi	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á verðlagi
Allar fjárhæðir í þús.kr.			
VISA Ísland	77.601	284.141	184.292
Lífeyrissjóður bankamanna	499	1.827	1.185
Landsbréf hf	36.933	135.233	87.711
Lánasýsla ríkisins	5.703	20.882	13.544
Landsbanki Íslands	4.532.047	16.594.390	10.762.987
Fiskveiðisjóður Íslands	57.436	210.306	136.403
Samband íslenskra bankamanna	8.461	30.981	20.094
Reiknistofa bankanna	325.953	1.193.498	774.093
Seðlabanki Íslands	1.007.139	3.687.706	2.391.816
Iðnþróunarsjóður	49.684	181.921	117.993
Landsvaki	1.429	5.232	3.394
Samtals	6.102.885	22.346.117	14.493.511

- 4) Samkvæmt samkomulagi frá júlí 2006 um lausn á rekstrarvanda Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna skulu aðildarfélög greiða til sjóðsins fjárhæðir sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði reiknað út og kemur fram í töflunni hér að neðan. Þessar fjárhæðir eru svo uppreiknaðir miðað við vísitölur þær sem skilgreindar eru í forsendukafla þessarar matsgerðar.

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Aðildafyrirtæki	Greiðslur vegna samkomulags í lok árs 2006	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á kaupgjaldi	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á verðlagi
Landsbanki Íslands h.f.	654.937.291	1.250.707.617	1.059.906.029
Seðlabanki Íslands	385.661.991	736.483.319	624.129.173
Reiknisstofa bankanna	173.460.447	331.250.496	280.716.606
Greiðslumiðlun h.f.	160.056.751	305.653.992	259.024.975
Fjármálaeftirlitið	33.400.000	63.782.648	54.052.292
Samtals	1.407.516.480	2.687.878.072	2.277.829.074

- 5) Ef haft er í huga niðurstöður við spurningu 1) þá reiknast nauðsynlegt heildariðgjald til að mæta framtíðarskuldbindingum sjóðsins 20,26% en reiknaðist nauðsynlegt 18,07% við uppgjör sjóðsins í lok árs 1997 reiknað eftir eldri reglugerð (rgl.1). Samkvæmt réttindaákvæðum II.kafla reglugerðar þeirrar sem tók gildi 1.janúar 1998 (rgl.2) reiknaðist nauðsynlegt iðgjald til að mæta framtíðarskuldbindingum sjóðsins 18,4%. Ætla má að nauðsynlegt iðgjald miðað við þær tryggingafræðilegu forsendur sem teknar eru fyrir í spurningu 1) reiknist **20,63%** ef miðað er við raunþróun tryggingafræðilegra forsenda skv. 1).
- 6) Verðmæti heildariðgjalds reiknað skv. lið 5) er 7.499,1 milljónir meðan verðmæti heildariðgjalds miðað við 18,4% reiknast sem 6.689,3 milljónir. Er mismunurinn því **810,1 milljónir** eins og taflan hér að neðan sýnir. Einnig er sú fjárhæð reiknuð á verðlagi í lok árs 2015 miðað við þær vísitölur sem skilgreindar eru í forsendukafla þessarar matsgerðar.

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna	Á verðlagi í lok árs 1997	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á kaupgjaldi	Á verðlagi í lok árs 2015 miðað við breytingu á verðlagi
Verðmæti iðgjalds	810,1	2.966,3	1.923,9

Virðingarfyllst,

Þórir Óskarsson
 Tryggingastærðfræðingur

